

Fundargerð

15. mars 2021

Samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga -

Jónsmessunefndar

15. mars 2021

Árið 2021, 15. mars kl. 8:30 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Tinna Dahl Christiansen sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Eiríkur Benónýsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Björn Þór Hermannsson skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Yfirlýsing um samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi þar sem ný drög lágu fyrir fundinn um yfirlýsingu um samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál.

Að yfirferð lokinni samþykktu fundarmenn yfirlýsinguna, fyrra samkomulag sem lá til grundvallar síðustu fjármálaáætlunar fyrir árin 2021-2025 gildi áfram fyrir viðkomandi ár í væntanlegri fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun annast uppfærslu á áætlunum fyrir sveitarstjórnarstigið með hliðsjón af nýjum efnahagsforsendum og upplýsingum, sem farið verður yfir í samráðsnefnd um opinber fjármál. Jafnframt eru aðilar sammála um að áfram verði unnið að þeim verkefnum og öðrum markmiðum sem tilgreind eru í samkomulaginu.

Fulltrúar sveitarfélaga í Jónsmessunefnd samþykktu samkomulagið en óskuðu að fram kæmi í fundargerð að það sé gert í trausti þess að áfram verði unnið markvisst á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 30. september 2020 um að ríkisstjórnin standi að baki sveitarfélögunum eins og frekast er unnt svo starfsemi þeirra raskist ekki á komandi mánuðum og misserum. Í því sambandi sé mikilvægt að lausn finnist á stöðu Strætó bs. vegna neikvæðra áhrifa Covid-19 á reksturinn.

2. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður 7. apríl kl. 14:00.

Fundi var slitið kl. 08:58.

-TDC-